# Menntaskólinn í Reykjavík

**Kennsluáætlun:** STÆR2DF09L og STÆR3DF09Ó veturinn 2019-2020.

**Kennari:** Birgir Guðjónsson.

**Kennslugögn:** Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar seinni hluti, Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluti, Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar og Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar.

**Bekkur:** 5.X.

## Lýsing:

Hornaföll, hornafallajöfnur og -ójöfnur. Samsett og andhverf föll. Vísis- og lografföll. Markgildi, samfelld og diffranleg föll. Óeiginleg markgildi og aðfellur.

## Markmið í yfirferð – birt með fyrirvara

### Haustmisseri:

| | |
|---|---|
| Vika 1-4: | Hornaföll, hornafallareglur og þríhyrningar (kaflar 2.1-2.3 í stærðfræði handa 4. bekk seinni hluta ásamt kafla 3.3 í Stærðfræði handa 4. bekk fyrri hluta). |
| Vika 5-10: | Hornaföll í þríhyrningum, föll og gröf þeirra og bogamál ásamt hornafallajöfnum og -ójöfnum (kafli 2.4 og 3.1-3.3 í Stærðfræði handa 4. bekk seinni hluta). |
| Vika 11-15: | Föll, andhverfur og veldi (kaflar 3.4-3.6 í Stærðfræði handa 4. bekk seinni hluta). Vísis- og lografföll (kaflar 1.1-1.3 í Stærðfræði handa 5. bekk seinni hluta). |

### Vormisseri:

| | |
|---|---|
| Vika 1-4: | Vísisvöxtur og markgildi (kafli 1.4 í Stærðfræði handa 5. bekk seinni hluta og kafli 2.1 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar). Þrepun, runur og raðir (kafli 4 í Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar). |
| Vika 5-10: | Talningarfræði og líkindafræði (kaflar 5-6 í Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar). Markgildi og samfelldni (kafli 2 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar). |
| Vika 11-14: | Diffrun og óeiginleg markgildi (kafli 3 og kafli 4.1 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar). |

## Námsmat

Námsmat í þessum áfanga byggist á reglubundnum skriflegum æfingum (um 12 á hvoru misseri), reglubundnum heimadæmum (um 12 á hvoru misseri), frammistöðu nemandans í tímum og vinnubrögðum við heimanám og skriflegum og munnlegum misserisprófum.

Menntaskólinn í Reykjavík

- **Námseinkunnir**:
    - Lesin stærðfræði (stærðfræði I):
        - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á haustmisseri 1/3.
        - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.
        - Mat kennara á frammistöðu nemandans í tímum, munnlegri framsetningu stærðfræðinnar og fræðilegri yfirsýn 1/3.
    - Ólesin stærðfræði (stærðfræði II):
        - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á haustmisseri1/3.
        - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á vormisseri1/3.
        - Mat kennara á vinnubrögðum nemandans við heimanám, skriflegri framsetningu stærðfræðinnar og stærðfræðilegu innsæi 1/3.
- **Jólapróf**: Tvö skrifleg próf í 90 mínútur (annað fræðilegt).
- **Vorpróf**: Munnlegt próf (fræðilegt) og skriflegt próf í 90 mínútur.